

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 26. mars 2021.

Mál nr. 125/2020:

Eignarhald ehf.

(Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður
Eiríkur Guðlaugsson lögmaður, 3. prófmál)

gegn

Þrotabúi Kansas ehf.

(Hlödver Kjartansson lögmaður
Ómar R. Valdimarsson lögmaður, 3. prófmál)

Lykilorð

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Vanreifun. Kröfugerð. Frávísun frá héraðsdómi.

Útdráttur

Þrotabúi K ehf. höfðaði mál á hendur E ehf. og krafðist riftunar á greiðslum sem hann taldi að hefðu farið fram með afhendingu K ehf. á tækjum til E ehf., samtals að verðmæti 4.585.920 krónur, og krafðist þess jafnframt að E ehf. yrði gert að greiða sér sömu fjárhæð ásamt vöxtum. Í dómi Landsréttar kom fram að reifun málsins í stefnu væri óskýr og nokkuð skorti á að kröfugerð og málsástæður væru settar fram með fullnægjandi hætti. Verulega skorti á að málsástæður sem Þrotabúi K ehf. byggði á væru skýrar svo og önnur atvik sem þyrfti að greina til þess að samhengi málsástæðna væri ljóst, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir, Ragnheiður Harðardóttir og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 4. mars 2020. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 2020 í málinu nr. E-2817/2016.
- 2 Áfrýjandi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Að því frágengnu krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda, að öðrum kosti krefst hann þess að krafa stefnda verði lækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram var bú Kansas ehf., sem bar heitið Janúar ehf. fram til 8. apríl 2015, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 21. október 2015. Síðasti ársreikningur sem skilað var til skattýfirvalda vegna Kansas ehf. varðar árið 2012 og var honum skilað 8. september 2013. Hluthafar félagsins í árslok 2012 voru samkvæmt ársreikningunum Skapalón vefstofa ehf., Auglýsingamiðlun ehf. og Fítón ehf, en hlutafjäreign hvers þeirra nam 33,3% hlutafjár. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi urðu talsverðar breytingar á hluthöfum í Kansas ehf. á árinu 2013. Það ár keypti Kansas ehf. einnig hlutafé í ýmsum félögum og mun markmiðið hafa verið að sameina starfsemi nokkurra stórra auglýsingastofa og ná fram aukinni framlegð með samrekstri þeirra. Mikið tap mun hafa orðið á rekstri Janúar ehf. fyrri hluta árs 2014 og var samrekstrinum slitið um mitt það ár. Í framlögðu samkomulagi um slitin 4. júlí 2014 kemur meðal annars fram að slit félagsins skuli miðast við 30. júní 2014. Tekið er fram að Janúar ehf. hafi keypt rekstur Fítóns ehf., Miðstrætis ehf., Skapalóns ehf. og CYAN ehf., sem voru nefnd „fyrri félög“ í samkomulaginu og skyldu þau félög hefja rekstur aftur 1. júlí 2014. Fyrir liggur að 26. júní 2014 keypti áfrýjandi meðal annars Fítón ehf. og er hann nú eigandi þess félags.
- 5 Í máli þessu gerir stefndi þá kröfu að rift verði með dómi greiðslum sem hann telur að hafi farið fram 29. janúar 2015 með afhendingu Janúar ehf., nú Kansas ehf., á tækjum til áfrýjanda, samtals að fjárhæð 4.585.920 krónur. Byggt er á því að áfrýjandi hafi fengið umrædd tæki afhent en ekki greitt fyrir þau. Jafnframt er gerð krafa um að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda þessa fjárhæð ásamt vöxtum. Með hinum áfrýjaða dómi var fallist á kröfur stefnda. Var sú niðurstaða reist á því að greitt hefði verið með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Niðurstaða

- 6 Áfrýjandi krafðist þess í héraði að málinu yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 13. september 2018 og leitar áfrýjandi meðal annars endurskoðunar á þeirri niðurstöðu.
- 7 Reifun málsins í stefnu er óskýr. Enga lýsingu er þar að finna á hinni riftanlegu greiðslu, hvað var afhent, hverjum, hvenær og hvernig. Þótt stefndi leggi til grundvallar að greiðslan hafi farið fram skortir með öllu lýsingu á hinni riftanlegu ráðstöfun og er í raun alls óvíst hvort greiðslan hafi yfirhöfuð verið innt af hendi, en fyrir liggur að reikningi sem Kansas ehf. gaf út í janúar 2015 vegna greiðslunnar var hafnað af hálfu áfrýjanda og í framhaldinu var reikningurinn bakfærður í bókhaldi hans. Þá verður að fallast á með áfrýjanda að nokkuð skorti á að kröfugerð og málsástæður séu settar fram með fullnægjandi hætti. Er ekki nema að takmörkuðu leyti gerð grein fyrir því hvernig skilyrðum tilvitnaðra ákvæða laga nr. 21/1991, sem heimila riftun, geti talist fullnægt. Þannig skortir verulega á að málsástæður sem

stefndi byggir mál sitt á séu skýrar svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna sé ljóst, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er því fallist á með áfrýjanda að málið í þeim búningi sem stefndi hefur búið því sé ekki tækt til efnismeðferðar. Samkvæmt þessu verður að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

- 8 Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað sem ákveðinn verður í einu lagi á báðum dómstigum eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Protabú Kansas ehf., greiði áfrýjanda, Eignarhaldi ehf., samtals 1.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 2020

Mál þetta, sem var dómtekið 15. janúar sl., var höfðað 25. júlí 2016 af þrotabúi Kansas ehf., [...] í Hafnarfirði, gegn Eignarhaldi ehf., [...] í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að rift verði með dómi greiðslu Janúar ehf., síðar Kansas ehf., til stefnda sem nam 4.585.920 krónum og fór fram 29. janúar 2015 í „því formi að stefnda voru afhent tæki skv. reikningi Janúar ehf. nr. 1615, útg. nefndan dag, sem fært var í bókhaldi Janúar ehf. til greiðslu sömu fjárhæðar upp í skuld samkvæmt viðskiptareikningi stefnda hjá Janúar ehf.“ Þess er jafnframt krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda 4.585.920 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 29. janúar 2015 til greiðsludags. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Með úrskurði héraðsdóms 13. september 2018 var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað.

I

Helstu málsatvik

Bú Kansas ehf., sem fram til 8. apríl 2015 bar heitið Janúar ehf., var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 2015. Frestdagur við skiptin var 9. mars 2015.

Félagið var stofnað árið 2002 og voru upphaflegir hluthafar Þormóður Jónsson, sem átti 15% hlut, og Hugsmiðjan ehf. sem átti 85% hlut. Þormóður Jónsson var stjórnarformaður og prókúruhafi Kansas ehf. frá árinu 2011 og þar til félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Hlutur Hugsmiðjunnar ehf. var seldur Momac ehf. árið 2011 og undirritaði Þormóður Jónsson samninginn fyrir hönd Momac ehf., en nafni þess félags var síðar breytt í Motown ehf. Eigandi Momac ehf. var Sigríður Garðarsdóttir, sem er eiginkona Þormóðs. Síðar sama ár seldi Momac ehf. hlutinn til félagsins Fítón ehf. og undirritaði Þormóður Jónsson samninginn fyrir hönd Momac ehf. Anna Svava Sverrisdóttir undirritaði samninginn fyrir Fítón ehf., en hún var prókúruhafi og í stjórn þess félags á þeim tíma.

Síðasti ársreikningur sem skilað var vegna Kansas ehf. varðar árið 2012 og var honum skilað 8. september 2013. Árið 2012 nam tap á rekstri félagsins 4.593.858 krónum og var eigið fé í árslok neikvætt um 4.235.638 krónur. Hluthafar félagsins í árslok 2012 voru samkvæmt ársreikningnum Skapalón vefstofa ehf., Auglýsingamiðlun ehf. og Fítón ehf., en hlutafjäreign hvers þeirra nam 33,3% hlutafjár. Það urðu talsverðar breytingar á hluthöfum Kansas ehf. á árinu 2013. Samkvæmt kaupsamningi frá 16. september 2013 seldu Fítón ehf., Auglýsingamiðlun ehf. og Skapalón vefstofa ehf. alla hluti í Kansas ehf. og voru kaupendur meðal annarra Momac ehf., Anna Svava Sverrisdóttir og Finnur J. Malmquist. Á hluthafafundi

í Kansas ehf. sama dag urðu breytingar á stjórn félagsins, en Þormóður Jónsson var áfram stjórnarformaður.

Í nóvember 2013 ár keypti Kansas ehf. allt hlutfé í Fítón ehf. af félaginu Erlukot ehf. sem og allt hlutfé í félaginu Miðstræti ehf. og 94% hlutfjár í stefnda sem bar á þeim tíma heitið Auglýsingamiðlun ehf. Eigendur Erlukots ehf. voru meðal annars Momac ehf., sem átti 50% eignarhlut í félaginu, og Anna Svava Sverrisdóttir, sem átti 12,5%, en hún var einnig eigandi 7,25% hlutfjár í Kansas ehf. og sat í stjórn félagsins. Kansas ehf. keypti einnig allt hlutfé í Skapalóni vefstofu ehf. af CMYK ehf. Markmiðið með þessum kaupum mun hafa verið að sameina starfsemi nokkurra stórra auglýsingastofa og ná fram aukinni framlegð með samrekstri þeirra. Á hluthafafundi í desember 2013 var nafni Kansas ehf. breytt í Janúar ehf. Samkvæmt samþykktum félagsins frá 16. september og 30. desember 2013 var tilgangur þess meðal annars markaðsráðgjöf, hönnunarþjónusta, alhliða auglýsingagerð, vefsíðu- og hugbúnaðargerð og sérhæfð ráðgjafarþjónusta á þessum sviðum.

Mikið tap mun hafa orðið á rekstri Janúar ehf. fyrri hluta ársins 2014 og var samrekstrinum slitið um mitt árið. Fram kom í skýrslutöku þáverandi framkvæmdastjóra félagsins hjá skiptastjóra 17. nóvember 2015 að tap á rekstri félagsins á fyrri hluta ársins 2014 hefði verið um 10.000.000 króna á mánuði og skuldir félagsins mun meiri en eignir. Samkomulag um slitin á milli hluthafa frá 4. júlí 2014 er meðal gagna málsins. Þar kemur meðal annars fram að slit félagsins skuli miðast við 30. júní 2014. Tekið er fram að Janúar ehf. hafi keypt rekstur Fítóns ehf., Miðstrætis ehf., Skapalóns ehf. og CYAN ehf., sem voru nefnd „fyrri félög“ í samkomulaginu, og skyldu þau félög hefja rekstur aftur 1. júlí 2014. Hvað varðar uppgjör félagsins var meðal annars tekið fram að stjórn Janúar ehf. skyldi afhenda hlutafélagaskrá skriflega yfirlýsingu um slit félagsins í samræmi við 83. gr. a. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Hinn 30. júní 2014 var móttekin í hlutafélagaskrá yfirlýsing frá Pétri Péturssyni um afsögn hans sem framkvæmdastjóra og afturköllun á prókúru. Frá þeim tíma var enginn skráður framkvæmdastjóri í félaginu fyrr en 8. apríl 2015 þegar Steinbergur Finnbogason lögmaður varð stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins.

Það liggur fyrir að 26. júní 2014 keypti stefndi meðal annars Fítón ehf. og er hann nú eigandi þess félags.

Fram kemur á yfirliti Janúar ehf. yfir hreyfingar stefnda sem skuldunauts að 29. janúar 2015 hafi greiðsla sem nam 4.585.920 krónum verið greidd stefnda. Við það lækkaði skuld Janúar ehf. gagnvart félaginu í 655.106 krónur. Þá liggur fyrir reikningur frá Janúar ehf., sem var gefinn út sama dag, og nam samtals 4.585.920 krónum. Þar sem fram kemur að tæki hafi verið afhent. Þar er tilgreint undir liðnum „Vöruheiti“ annars vegar „Kaffi korgur“ og upphæðin 1.500.000 krónur, en hins vegar „Tæki keypt af Janúar“ og upphæðin 3.085.920 krónur.

Með bréfi skiptastjóra stefnanda til stefnda 11. júlí 2016 var lýst yfir riftun á greiðslu sem fram fór með afhendingu tækja að andvirði 4.585.920 króna til greiðslu upp í skuld samkvæmt viðskiptareikningi.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að Janúar ehf. hafi ekki verið gjaldfært þegar hin umdeilda greiðsla var innt af hendi og að forsvarsmönnum félagsins hafi verið það ljóst eða að minnsta kosti mátt gruna það. Vegna þessa hafi heimildum til greiðslna og annarra ráðstafana verið sett veruleg takmörk, enda hafi komið á daginn að félagið stæði í verulegri skuld vegna forgangskrafna við gjaldþrotaskiptin. Kröfuhöfum hafi verið mismunað með því að greiða nákomnum í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. verulegar fjárhæðir. Meðal þeirra sé sú greiðsla til stefnda sem krafist sé riftunar á. Hafi engar eignir fundist í búinu og sé tap kröfuhafa verulegt.

Byggt er á því að stefndi sé nákominn Kansas ehf. í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991, sbr. lög nr. 95/2010. Því til stuðnings er meðal annars vísað til þess að Janúar ehf. hafi orðið eigandi alls hlutfjár í Fítóni ehf. með kaupsamningum 1. janúar 2014 og jafnframt hafi verið veruleg stjórnunarleg tengsla á milli stefnanda og Fítón ehf. með setu sömu einstaklinga í stjórnnum félaganna, svo sem Önnu J. Sigurðardóttur og Önnu Svövu Sverrisdóttur. Þá hafi eignarhlutir Erlukots ehf. í Fítóni ehf., GT8 ehf. og Miðstræti ehf. verið seldir stefnda 26. júní 2014. Stefndi hafi frá þeim tíma verið eigandi alls hlutfjár í

Fítón ehf. og farið með öll völd í því félagi, en sú greiðsla sem krafist er riftunar á hafi farið fram eftir þann tíma. Þá virðist stefndi hafa tekið við starfsfólki frá Janúar ehf. sem hefði væntanlega flest starfað hjá Fítón ehf. áður en til samrekstrar auglýsingastofanna kom. Megi meðal annars sjá þetta af því að orlofsskuldbindingar hafi verið færðar til stefnda, auk ýmissa verka sem höfðu verið í vinnslu hjá Janúar ehf.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína aðallega á 1. málslíð 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 og kröfu um endurgreiðslu á 1. mgr. 142. gr. laganna. Um hafi verið að ræða gjöf í skilningi ákvæðisins og ekkert raunverulegt eða réttmætt endurgjald komið fyrir. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að þrotamaður hafi verið gjaldfær þegar gjöfin var afhent og að hann hafi verið það þrátt fyrir afhendinguna. Krafan er til vara byggð á því að stefndi sé nákominn félaginu, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 og að endurgreiða beri fjárhæðina með vísan til 1. mgr. 142. gr. laganna. Tekið er fram að riftun á grundvelli 131. gr. byggist á hlutlægu mati á því hvort og þá að hvaða marki mismunur sé á því endurgjaldi sem greiðandi fái í hendur og þeim verðmætum sem látin séu af hendi í raun.

Riftunarkrafan er einnig reist á 134. gr. laga nr. 21/1991 og endurgreiðslukrafan á 1. mgr. 142. gr. laganna. Nákomnum hafi verið greidd skuld sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt var, auk þess sem greidd hafi verið greidd fjárhæð sem skerti greiðslugetu félagsins verulega. Greiðslan hafi ekki verið venjuleg eftir atvikum, enda engar líkur til þess að samið hefði verið um endurgreiðslu skuldarinnar með þessum hætti þegar til hennar var stofnað. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því síðastgreinda, sem og því að þrotamaður hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna.

Stefnandi byggir kröfu um riftun jafnframt á 141. gr. laga nr. 21/1991 og kröfu um endurgreiðslu á 3. mgr. 142. gr. laganna. Greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra og leitt til þess að eignir þrotamannsins voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, enda hafi félagið verið ógjaldfært eða orðið það vegna greiðslunnar og stefndi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að greiðslan væri ótilhlýðileg. Skuldin hafi verið greidd fyrr en eðlilegt var og með tækjum sem verði að telja óvenjulegan greiðslueyri. Þá séu tengsl aðila slík að það beri að slaka verulega á sönnunarbyrði stefnanda fyrir þeim atvikum sem sýna þurfi fram á við beitingu hinnar huglægu riftunarreglu. Með umræddri greiðslu hafi ekki verið ráðstafað eigin fjármunum stefnanda heldur þeim sem ganga áttu til fullnustu á kröfum lánardrottna stefnanda. Hafi greiðslan því brotið gróflega gegn jafnræðisreglum gjaldþrotalaga og kunni það að varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Forsvarsmanni félagsins hafi ekki getað dulist að félagið væri ógjaldfært á þessu tímamarki og hafi honum borið að sýna aðgæslu, einkum þar sem greiðslan hafi verið innt af hendi með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt var. Forsvarsmönnum félagsins hafi 31. júlí 2014 og raunar mun fyrr, verið skylt að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991. Þá hafi greiðslan einnig verið andstæð skyldum stjórnarformanns félagsins samkvæmt samþykktum þess og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi tók fram við munnlegan málflutning að hann teldi fullt tilefni til að vísa málinu frá dómi *ex officio*, enda væri málatilbúnaður stefnanda vanreifaður og hefði ekki verið bætt úr því undir rekstri málsins.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi staðið í skuld við hann, en ekki öfugt. Krafist sé riftunar á reikningi sem hafi verið gefinn út 29. janúar 2015 og nemi 4.585.920 krónum, en reikningurinn sé sagður vera vegna „Kaffi korgur“ og „Keypt tæki af Janúar“.

Stefndi hafi aldrei óskað eftir þeim viðskiptum sem lýst sé í reikningnum og aldrei samþykkt hann. Það liggja fyrir að stefnandi hafi 31. ágúst 2014 gefið út sambærilegan reikning vegna sömu fjárhæðar, en þó að viðbættum virðisaukaskatti. Stefndi hafi hafnað þessum reikningi og hafi sama dag verið gefinn út kreditreikningur og fyrri reikningur verið felldur niður. Tækjalisti frá 31. ágúst 2014 sem reikningurinn virðist byggður á hafi að geyma upplýsingar um tæki sem hafi verið í eigu annars félags, Fítóns ehf., sem stefndi hafi sjálfur átt. Fram komi í aftasta dálki listans að tækin hafi öll verið í eigu Fítóns ehf., enda séu

þau merkt fyrirtækinu og andvirðið sagt nema 4.585.920 krónum sem sé jafnframt stefnufjárhæð málsins. Stefndi hafi áður hafnað útgefnum reikningi vegna þessara tækja, enda hafi hann ekki óskað eftir reikningi og átt tækin fyrir vegna eignarhalds á Fítoni ehf. Megi glögglega sjá þessi viðskipti, það er útgáfu reiknings og kreditreiknings, á yfirliti yfir hreyfingar skuldunauta Janúar ehf. Til frekari stuðnings sé vísað til ársreikninga stefnanda 2014 og 2015. Í efnahagsreikningi félagsins sé hvergi getið um neina tækjæign, enda hafi félagið ekki átt nein tæki. Sé hins vegar litið til efnahagsreiknings Fítóns ehf. í ársreikningi 2014 séu þar eignfærð tæki, meðal annars þau sem Janúar ehf. hafi í algjöru heimildarleysi gefið út reikning fyrir til stefnda. Sé því ljóst að Janúar ehf. hafi aldrei haft eignarumráð umræddra tækja og hafi stefndi því hafnað reikningnum.

Af fyrirliggjandi hreyfingalista megj sjá að skuldastaða stefnda fyrir útgáfu reikningsins hafi verið 5.241.026 krónur. Stefndandi standi þannig í skuld við stefnda. Fari svo ólíklega að fallist verði á kröfur stefnanda er lýst yfir skuldajöfnuði við þær, sbr. 100. gr. laga nr. 21/1991.

IV

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort uppfyllt séu skilyrði til að rifta greiðslu sem stefndandi telur hafa farið fram 29. janúar 2015 með afhendingu Janúar ehf. á tækjum til stefnda að andvirði 4.585.820 krónur. Byggt er á því að stefndi hafi fengið umrædd tæki afhent, en ekki greitt fyrir þau. Tekin var afstaða til frávísunarkröfu stefnda á fyrri stigum málsins og er að mati dómsins ekki tilefni til að vísa málinu frá dómi *ex officio*.

Meðal gagna málsins er reikningur til stefnda sem var útgefinn af Janúar ehf. 29. janúar 2015. Þar er tilgreint undir liðnum „Vöruheiti“ annars vegar „Kaffi korgur“ og upphæðin 1.500.000 krónur, en hins vegar „Tæki keypt af Janúar“ og upphæðin 3.085.920 krónur. Reikningurinn nam samtals 4.585.920 krónum og var ekki gert ráð fyrir virðisaukaskatti. Það liggur fyrir að sams konar reikningur, dagsettur 31. ágúst 2014, hafði áður verið sendur stefnda og var þá undir „Vöruheiti“ annars vegar tilgreint „Tæki skv. meðfylgjandi lista“ og hins vegar „Kaffi Korgur“. Samtala reikningsins án virðisaukaskatts nam 4.585.920 krónum, en gert var ráð fyrir virðisaukaskatti og nam reikningurinn því samtals 5.755.330 krónum. Ráðið verður af yfirliti yfir hreyfingar stefnda sem skuldunauts Kansas ehf. að umræddur reikningur hafi verið felldur niður og að kreditreikningur að sömu fjárhæð hafi verið færður samdægurs. Þá verður ráðið af yfirlitinu að þegar reikningur frá 29. janúar 2015 var gefinn út hafi skuld gagnvart stefnda sem nam 5.241.026 krónum lækkað í 655.106 krónur.

Þegar stefndi skilaði greinargerð lagði hann fram lista yfir tæki, sem hann kveður vera frá 31. ágúst 2014, og byggir hann á því að þetta séu þau tæki sem um ræðir. Á listanum, sem er ein blaðsíða, eru ýmis tæki tilgreind og eru þau ýmist merkt Fítoni ehf. eða Skapalóni ehf. Fjárhæð tækjanna er auðkennd og verður ráðið af listanum að andvirði tækja sem merkt eru Fítoni ehf. nemi 4.585.920 krónum, en tækja sem merkt eru Skapalóni ehf. 1.690.565 krónum og eru þessar fjárhæðir án virðisaukaskatts.

Fram kom í aðilaskýrslu Valgeirs Magnússonar, forsvarsmanns stefnda, að stefndi hefði meðal annars keypt Fíton ehf. í lok júní 2014 vegna slita á samrekstri undir merkjum Janúar ehf. Guðlaugur Örn Jónsson, fjármálastjóri Janúar ehf., hefði boðið honum til sölu ýmsa hluti en hann hefði ekki samþykkt að kaupa þá. Hefðu verið sendir reikningar vegna þessa tvisvar og hefði þeim báðum verið hafnað. Hann kannaðist við fyrrgreindan lista yfir tæki og tók fram að þar væru ýmsir hluti sem stefndi hefði ekki viljað, svo sem ljósaskilti í anddyri sem tengdist fyrirtækismerki Janúar ehf. og tæki sem væru í eigu tiltekinna starfsmanna. Hann lagði áherslu á að stefndi hefði aldrei fengið tæki afhent frá Janúar ehf., enda hefði ekki verið samið um slíkt. Þá væri ljóst að ýmis tæki á listanum væru ekki í húsnæðinu að Guðrúnartúni og hefði verið óskað eftir því að aðrir munir væru fjarlægðir, svo sem fyrrgreint ljósaskilti. Þá varð ráðið af framburði Valgeirs að ýmis tæki í eigu Fíton ehf. hefðu fylgt kaupum stefnda á félaginu, en örðugt væri að greina á milli þeirra og tækja sem væru tilgreind á umræddum lista.

Í skýrslu Guðlaugs Arnar Jónssonar, fyrrverandi fjármálastjóra Janúar ehf., fyrir dómi kom fram að hann hefði tekið saman upplýsingar um tæki sem félagið hefði keypt frá janúar til júní 2014 og mætti sjá kaupdagsetningu lengst til vinstri á listanum. Listinn hefði verið unninn vegna slita á samrekstri undir merkjum Janúar ehf., en ákveðið hefði verið að Fíton ehf. og Skapalón ehf. tækju við þeim tækjum sem

hefðu verið keypt af Janúar ehf. á meðan á samrekstrinum stóð. Listinn hefði verið borinn undir fyrirsvarsmenn Fítóns ehf. og Skapalóns ehf. og verið samið um þá skiptingu sem þar greindi. Jafnframt kom fram að Guðlaugur hefði hætt störfum hjá Janúar ehf. í ágúst 2014, en á þeim tíma teldi hann tækin enn hafa verið í vörslum félagsins. Hann gæti ekkert fullyrt um stöðuna eftir þann tíma. Þá kom skýrt fram að tæki sem Fítón ehf. og Skapalón ehf. hefðu komið með inn í reksturinn væru ekki tilgreind á listanum, heldur hefðu þau runnið aftur til viðkomandi félaga þegar samrekstrinum var slitið.

Fram kom í skýrslu Önnu Svövu Sverrisdóttur, sem kom með ýmsum hætti að rekstri Janúar ehf. og var jafnframt um tíma fjármálastjóri Fítóns ehf., að hún hefði gefið út síðari reikninginn, sem er dagsettur 29. janúar 2015, að beiðni Steinbergs Finnbogasonar lögmanns sem kom þá að stjórn félagsins. Hún vissi að sambærilegur reikningur hefði verið gefinn út áður með virðisaukaskatti, sem og að Valgeir Magnússon, forsvarsmaður stefnda, hefði ekki samþykkt reikninginn þar sem hann kannaðist ekki við ýmsa hluti sem þar væru tilgreindir. Þá hefði síðari reikningurinn ekki heldur verið samþykktur af Valgeiri, en hann einn hefði umboð til að samþykkja reikninga fyrir hönd stefnda. Hún tók fram að hún kannaðist sjálf ekki við ýmsa hluti á listanum, en gæti ekki fullyrt um hvort einhver tækjanna hefðu fallið til stefnda. Þá minntist hún þess að Valgeir hefði meðal annars tekið fram að hann vildi ekki kaupa ljósaskilti í anddyri sem væri tilgreint á listanum. ræða.

Eins og rakið hefur verið þá var samrekstri undir merkjum Janúar ehf., sem stóð í um sex mánuði, slitið í lok júní 2014. Fyrir liggur samkomulag á milli hluthafa vegna slitanna frá 4. júlí 2014. Í grein 3.4.2 þar sem fjallað er um uppgjör segir meðal annars að fjármálastjóri skuli „leitast við að selja þau tæki sem keypt hafa verið af Janúar, hugsanlegast til fyrri félaga“. Samkvæmt þessu og skýrslum fyrir dómi, sem gerð hefur verið grein fyrir, verður að telja ljóst að við slit Janúar ehf. hafi verið ætlunin að þau tæki sem höfðu verið keypt á meðan á samrekstrinum stóð rynnu annars vegar til Skapalóns ehf. og hins vegar til Fítóns ehf. gegn greiðslu. Af þessu tilefni var unninn sá listi yfir tæki sem áður hefur verið gerð grein fyrir og þau merkt umræddum félögum.

Jafnframt er ljóst að stefndi keypti Fítón ehf. í lok júní 2014 og að hann rekur nú auglýsingastofu að Guðrúnartúni 8 þar sem starfsemi Janúar ehf. fór áður fram. Stefndi tók þannig við húsnæðinu þar sem starfsemi undir merkjum Janúar ehf. fór áður fram, en ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær starfsemi stefnda hófst í húsnæðinu. Reikningum vegna umræddra tækja, dagsettum 31. ágúst 2014 og 31. janúar 2015, var eins og áður greinir báðum hafnað af forsvarsmanni stefnda.

Varnir stefnda í greinargerð byggjast á því að hann hafi eignast umrædd tæki vegna kaupa sinna á Fítóni ehf. Þannig er rökstutt að Janúar ehf. hafi ekki átt nein tæki, en samkvæmt ársreikningi Fítóns ehf. hafi það félag átt tæki og taki reikningar stefnda meðal annars til þeirra. Af hálfu stefnda var aftur á móti ekki byggt á því að félagið hefði ekki fengið umrædd tæki afhent eða að þau væru ekki í umráðum þess. Kom þvert á móti fram að stefndi hefði hafnað reikningum frá stefnanda vegna umræddra tækja „þar sem hann átti þau fyrir, með eignarhaldi að Fítón ehf.“ Málalíbúnaður í greinargerð er þannig ekki í samræmi við aðilaskýrslu forsvarsmanns stefnda þar sem lögð var áhersla á að tækin hefðu ekki verið afhent og að hann hefði alls ekki viljað sum þeirra, svo sem ljósaskilti í anddyri. Fram kom að einhver tæki hefðu fylgt vegna kaupa á Fítóni ehf., en því var ekki haldið fram að þau tæki sem um ræðir væru vegna kaupanna þegar eign stefnda.

Við munnlegan málflutning leitaðist stefndi við að breyta málalíbúnaði sínum þannig að aðallega væri byggt á því að umrædd tæki hefðu aldrei verið afhent stefnda og yrði því að sýkna hann. Stefndandi mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni og vísaði til þess að leggja yrði dóm á málið að teknu tilliti til varna í greinargerð stefnda. Að mati dómsins er sú málsástæða stefnda, sem fyrst var teflt fram við aðalmeðferð, að hann hafi ekki fengið tækin afhent og að þau séu ekki í umráðum hans allt of seint fram kominn, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þessi röksemd er einnig í ósamræmi við fyrri málalíbúnað stefnda, en að virtri stefnu var fullt tilefni til að tefla fram rökum á þessum grunni í greinargerð. Verður því leyst úr málinu á grundvelli þeirra málsástæðna sem byggt var á í greinargerð, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 111. gr. laganna. Þá verður jafnframt að leggja til grundvallar að tækin séu í umráðum stefnda, eins og stefndandi hefur haldið fram og stefndi byggði sjálfur á í greinargerð sinni, sbr. til hliðsjónar 45. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnda hafa ekki að verið lögð fram gögn sem styðja að þau tæki sem um ræðir hafi orðið eign stefnda vegna kaupa á Fítóni ehf. í lok júní 2014. Samningur vegna þessara kaupa er ekki meðal gagna málsins og liggur því ekki fyrir hvað nákvæmlega fylgdi þeim. Þá fær það hvorki stóð í framburði vitna fyrir dómi að umrædd tæki hafi verið eign Fítóns ehf. Þegar stefndi keypti félagið né að Janúar ehf. hafi ekki keypti nein tæki á meðan á samrekstrinum stóð. Þvert á móti kom fram í skýrslum Önnu Svövu og Guðlaugs Arnar að þau tæki sem gerð er grein fyrir á fyrrgreindum lista hefðu verið keypt á meðan á samrekstrinum stóð og að það hefði átt að selja þau Fítóni ehf. og Skapalóni ehf. vegna slitanna. Þau báru einnig um að tæki sem einstök félög komu með inn í samreksturinn hefðu átt að ganga aftur til þeirra við slitin og væru slík tæki því ekki á listanum. Þetta fær jafnframt stóð í fyrrgreindu samkomulagi um slit Janúar ehf. frá 4. júlí 2014 þar sem gert var ráð fyrir því að tæki sem hefðu verið keypt yrðu seld, sem og að allur rekstur „og lausafé gengur til baka til fyrri félaga, sbr. kafla 2.1“, sbr. grein 3.2.1 í samkomulaginu. Að þessu virtu verður ekki fallist á þá röksemd stefnda að þau tæki sem um ræðir hafi aldrei verið í eigu Janúar ehf. heldur hafi þau verið eign stefnda vegna kaupa hans á Fítóni ehf.

Samkvæmt framangreindu verður lagt til grundvallar að umrædd tæki hafi verið eign Janúar ehf. og að þau hafi runnið til stefnda, enda er í greinargerð stefnda byggt á því að tækin séu eign hans. Að virtum málatilbúnaði stefnanda og vörnum stefnda verður einnig miðað við að greiðsla til stefnda með tækjunum hafi farið fram 29. janúar 2015, eins og stefnandi heldur fram. Ráðið verður af yfirliti yfir hreyfingar stefnda sem skuldunauts Janúar ehf. að félagið hafi staðið í skuld við stefnda þegar hinn umdeildi reikningur var gefinn út, en við útgáfu reikningsins 29. janúar 2015 lækkaði skuldin úr 5.241.026 krónum í 655.106 krónur. Þegar af þessari ástæðu getur krafa um riftun greiðslunnar ekki stuðst við 131. gr. laga nr. 21/1991 sem varðar riftun gjafagerninga.

Stefnandi hefur jafnframt byggt kröfu um riftun á 134. gr. laga nr. 21/1991, en samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er meðal annars unnt að krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Eins og áður greinir verður lagt til grundvallar að greiðslan hafi farið fram 29. janúar 2015, innan sex mánaða frá frestdegi sem var 9. mars 2015. Þá er fallist á að greiðsla skuldar með tækjum teljist greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 134. gr. laganna. Stefndi hefur ekki leitast við að rökstyðja að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum en fyrir því ber hann sönnunarbyrði. Verður því fallist á kröfu um riftun greiðslunnar samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991.

Samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun greiða þrotabúi fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamanns hefur orðið honum að notum, þó ekki hæri fjárhæð en sem nemur tjóni þrotabúsins. Leggja verður til grundvallar að með umræddri greiðslu hafi verðmæti sem námu 4.585.920 og hefðu ella komið til skipta í þrotabúinu runnið til stefnda frá Janúar ehf. Stefnda verður gert að greiða stefnanda þá fjárhæð. Krafa stefnda um skuldajöfnuð við kröfu stefnanda, sbr. 100. gr. laga nr. 21/1991, getur ekki komið til álita í máli þessu sem er rekið á grundvelli XX. kafla laganna. Stefndi krefst dráttarvaxta af kröfunni frá 29. janúar 2015 þegar greiðslan fór fram. Þeirri kröfu, þar með talið upphafsdegi dráttarvaxta, hefur ekki verið mótmælt og verður því fallist á hana, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 17. apríl 2008 í máli nr. 489/2007 og frá 5. júní 2008 í máli nr. 519/2007.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er meðal annars litið til umfangs málsins, þess að frávísunarkröfu stefnda var hafnað og að samhliða þessu máli eru rekin tvö önnur mál þar sem svipuð sakarefni eru til úrlausnar. Að teknu tilliti til þessa þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 800.000 krónur.

Ásgerður Ragnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Rift er greiðslu Kansas ehf., áður Janúar ehf., til stefnda, Eignarhalds ehf., sem fram fór 29. janúar 2015 með afhendingu tækja að andvirði 4.585.920 krónur.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Kansas ehf., 4.585.920 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 29. janúar 2015 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.